

Grunnskóli Seltjarnarness


Ársskýrsla náms- og starfsráðgjafa 2018-2019




Helga Sigríður Eiríksdóttir og Kristín Sverrisdóttir

Kristín Sverrisdóttir: Yngsta og miðstig Mýrarhúsaskóla, Grunnskóla Seltjarnarness.



Nemendur Mýrarhúsaskóla voru alls 351 í 1.-6. bekk í 19 bekkjardeildum. Náms- og starfsráðgjafi hafði afskipti af 151 börnum, 77 stúlkum og 74 drengjum, ýmist í formi viðtala eða ýmis konar aðstoðar og var það um 43% nemenda. Það er aðeins hærra hlutfall en undanfarin ár. Upplýsingar um fjölda viðtala við nemendur eftir bekkjum og mánuðum, skiptingu eftir kyni, aðkoma foreldra, hver biður um viðtal og ástæður komu nemenda, viðtöl við starfsfólk og dreifingu eftir mánuðum, fræðsla fyrir hópa og fræðsluefni má sjá hér fyrir neðan ásamt fundum og öðrum verkefnum.




Heildarfjöldi skráðra viðtala við nemendur og foreldra voru 490.




Á þessari mynd sést hvernig viðtöl dreifast á skólaárið. Oftast koma þyngstu og flóknari málín fram í nóvember og síðan á tímabilinu janúar til mars.




Viðtöl við drengi eru fleiri en áður en viðtölum fjölga eftir því sem nemendur eldast. Fleiri mæður voru í samskiptum við námsráðgjafa vegna barna sinna en feður.




Algengast er að umsjónarkennari biði um viðtal fyrir hönd nemenda sinna og náms- og starfsráðgjafi óskar eftir framhaldsviðtölum til að fylgja málum eftir og veita stuðning sem við á í hverju tilfelli. Það færast einnig í vöxt að nemendur komi sjálfir vegna þess að þeir þekkja náms- og starfsráðgjafann.





Eins og áður vógu samskiptamálin þýngst á vogarskálunum, heilsa, líðan og eftirfylgdin koma þar á eftir en eftirfylgdin er afar mikilvæg. Skráð eineltismál í Mýrarhúsaskóla voru tvö. Unnið var samkvæmt eineltisáætlun skólans eftir sem við átti. Það tókst að stöðva þessi mál en það virðist alltaf þurfa að halda vöku sinni í samskiptamálum.






Náms- og starfsráðgjafi var með 555 viðtöl og ráðgjöf til kennara og starfsmanna skólans. Samvinna við starfsfólk er mjög nauðsynleg svo árangur náist fyrir nemendur, foreldra þeirra og skólasamfélagið í heild.





Hluti af vinnu náms- og starfsráðgjafa er fræðsla um ýmis málefni fyrir hópa og bekki. Forvarnir gegn ofbeldi var í 1. bekk undir heitinu „Líkami minn“ ásamt skólahjúkrunarfræðingi, í 2. bekk fékk skólinn brúðusýninguna „Krakkarnir í hverfinu“ og í 3. bekk var teiknimyndin „Leyndarmálið“ sýnd. Verkefnið „Jól í skókassa“ var kynnt í 2.-6. bekk. Lífsleiknikennsla, 10 tímar á haustmisseri var í 5. bekk um samskipti í leik og starfi. Námstækni var kennd í 4., 5. og 6. bekk, starf náms- og starfsráðgjafa kynnt í 3. bekk og félagsfærninámskeið fyrir 3. bekk. Einnig var fræðsla um einelti á miðstigi.



Samstarf er nauðsynlegt í starfi náms- og starfsráðgjafa og skráðir fundir voru alls 138 á starfsárinu sem eru fleiri en áður. Helsta skýringin á því er að inn í tölu funda með foreldrum eru einnig símtöl við þá. Flestir fundir eru því með foreldrum og kennurum.

Önnur verkefni



- Tengslakannanir voru gerðar í mörgum bekkjum í ár.
- Könnun á líðan í öllum árgöngum.
- Rýniviðtöl við nemendur í 2. og 4. bekk ásamt Fjólu Höskuldsdóttur deildarstjóra og Kristjönu Hrafnisdóttur aðstoðarskólastjóra vegna könnunnar á líðan á haust- og vorönn.
- Kennaranemar sem voru í æfingakennslu fengu fræðslu um starf náms-og starfsráðgjafa á þessu skólastigi.
- Aðstoð við próftöku í september, janúar og maí.
- Regluleg frímínútagæsla allt skólaárið.
- Umsjón með „jól í skókassa“-verkefninu.

Hér lýkur meginhluta skýrslu náms-og starfsráðgjafa í Mýrarhúsaskóla sem lætur að störfum eftir 18 ára starf. Vil ég þakka nemendum, foreldrum og samstarfsfólki mínu fyrir ánægjulegt samstarf og samvinnu í gegnum árin.



Við tekur umfjöllun um Valhúsaskóla.

Helga Sigríður Eiríksdóttir: 7. – 10. bekkur, Valhúsaskóli


Nemendur voru 198 í 11 bekkjardeildum. Náms- og starfsráðgjafi hafði afskipti af nemendum í 289 skipti ýmist í formi viðtala eða annars konar aðstoðar. Upplýsingar um skiptingu viðtala eftir bekkjardeildum, dreifingu yfir skólaárið, skiptingu eftir kyni, aðkomu foreldra, hver biður um viðtal, ástæður komu, fræðslu fyrir hópa og fræðsluefni má sjá hér að neðan ásamt fjölda og dreifingu viðtala náms- og starfsráðgjafa við starfsfólk skólans yfir árið.




Komur til náms- og starfsráðgjafa voru flestar í nóvember og janúar. Í þessum mánuðum bar talsvert á komum nemenda til náms- og starfsráðgjafa vegna vanlíðunar og samskiptavandamála þvert á árganga.





Talsvert fleiri stúlkur leituðu til náms- og starfsráðgjafa þetta skólaárið heldur en drengir. Það kann að skýrast vegna þeirra verkefna sem einna oftast komu upp, þ.e. mál vegna heilsu og líðanar ásamt erfiðleikum í samskiptum. Nokkuð jafnt var á aðkomu feðra og mæðra í samskiptum við náms- og starfsráðgjafa vegna barna sinna.







Skráð voru 289 viðtöl en ætla má að þau séu fleiri þar sem ekki alltaf gafst tími til að skrá komu nemanda. Í einhverjum tilvikum fóru viðtölin annars staðar fram en á skrifstofu náms- og starfsráðgjafa eða með öðrum óformlegum hætti og því eru þessar tölur varlega áætlaðar. Langflestar skráningar eru vegna heilsu/líðan (122) en í þennan flokk falla viðtöl sem varða andlega líðan nemenda. Flest viðtölin vörðuðu líðan nemenda á einhvern hátt en ekki var alltaf um kvíða eða greindan sálrænan vanda að ræða. Í mörgum tilfellum hefði verið hægt að skrá viðtöl undir fleiri en einn flokk. Með það í huga má áætla að fleiri en ein ástæða geti verið fyrir komu nemenda til náms- og starfsráðgjafa en niðurstöður sýna í umfangi og tegund erinda.






Náms- og starfsráðgjafi átti 54 formleg viðtöl við starfsfólk skólans. Auk þess eru ótalin fjöldi óskráðra óformlegra samtala náms- og starfsráðgjafa aðallega við kennara og stjórnendur vegna ýmissa mála sem snúa að nemendum.





Í haustbyrjun fengu allir árgangar kynningu á nýjum náms- og starfsráðgjafa og í hverju aðstoð hans getur falist. Stór hluti nemenda í 10. bekk fór í starfsfræðsluheimsókn á Landsspítalann á haustdögum. Á vorönn fóru nemendur í 9. og 10. bekk í Laugardalshöll á Íslandsmót iðn- og verkgreina og framhaldsskólakynningu – *Mín framtíð*. Nemendur í 6. bekk Mýrarhúsaskóla fengu fræðslu frá náms- og starfsráðgjafa um skólaskiptin yfir í Valhúsaskóla en auk þess komu þeir í heimsókn í Valhúsaskóla og áttu gæðastund með nemendum í 9. bekk. Náms- og starfsráðgjafi fór með stúlkur í 9. bekk á viðburðinn *Stelpur og tækni* sem Háskóli Reykjavíkur stóð fyrir. Þar fengu þær áhugaverða kynningu á tækni og tæknigreinum.



Flestir fundir voru með foreldrum og/eða forsjáraðilum í vetur en inni í þeirri tölu eru ótalin símtöl við foreldra. Skráðir fundir voru alls 51 á skólaárinu.

Önnur verkefni:

- Einstaklingsviðtöl við alla nemendur í 7. bekk um líðan.
- Aðstoð við próftöku í maí.
- Lestrarprófun í september og maí.
- Samskipti við Tungumálaver vegna nemenda í norsku og sænsku.
- Tengslakannanir voru gerðar í 7. og 8. bekk.

Samvinnuverkefni náms- og starfsráðgjafa á skólaárinu

Náms- og starfsráðgjafar beggja skólastiga hafa átt í góðu samstarfi í þeim verkefnum sem snúa að báðum skólastigum. Það hefur komið sér vel að hafa samráð um þau mál sem koma upp í skólastarfinu. Unnið var sameiginlega að því að undirbúa 6. bekk fyrir flutning í Valhúsaskóla með m.a. heimsókn til nemenda í 9. bekk, svokallaðir vinabekkir.

Seltjarnarnes, 13. júní 2019

Kristín Sverrisdóttir, Mýrarhúsaskóla

Helga Sigríður Eiríksdóttir, Valhúsaskóla